

# 3. bekkur

2019-2020



**Flataskóli**  
Árganganámskrá

# Efnisyfirlit

---

<b>INNGANGUR</b>	<b>5</b>
<b>ÍSLENSKA</b>	<b>8</b>
MARKMIÐ	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
NÁMSEFNI	11
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
NÁMSMAT	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
<b>STÆRÐFRÆÐI</b>	<b>12</b>
MARKMIÐ	12
NÁMSEFNI	12
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	13
NÁMSMAT	13
<b>SAMFÉLAGSFRÆÐI / NÁTTÚRUFÆÐI</b>	<b>14</b>
MARKMIÐ	14
NÁMSEFNI	17
📄 ÝMISLEGT EFNI AF VERALDARVEFNUM OG BÓKASAFNI	17
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	17
NÁMSMAT	17
<b>RÉTTINDASMIÐJA / LÍFSLEIKNI</b>	<b>18</b>
MARKMIÐ	18
NÁMSEFNI	19
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	20
NÁMSMAT	20
<b>HEIMILISFRÆÐI</b>	<b>21</b>

MARKMIÐ	21
NÁMSEFNI	21
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	21
NÁMSMAT	21
<b>SMÍÐI OG HÖNNUN</b>	<b>22</b>
MARKMIÐ	22
NÁMSEFNI	22
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	22
NÁMSMAT	23
<b>TEXTÍLMENNT</b>	<b>24</b>
MARKMIÐ	24
NÁMSEFNI	24
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	25
NÁMSMAT	25
<b>MYNDMENNT</b>	<b>26</b>
MARKMIÐ	26
NÁMSEFNI	26
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	26
NÁMSMAT	26
<b>TÖLVUR OG UPPLÝSINGAMENNT</b>	<b>27</b>
MARKMIÐ	27
NÁMSEFNI	27
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	27
NÁMSMAT	27
<b>ÍÞRÓTTIR</b>	<b>28</b>

MARKMIÐ	28
NÁMSEFNI	28
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	28
NÁMSMAT	28
<u>SUND</u>	<u>29</u>

MARKMIÐ	29
NÁMSEFNI	29
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	29
NÁMSMAT	29

## Inngangur

Skólanámskrá er starfsáætlun Flataskóla og er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla þar sem dregin er fram sérstaða skólans og staðbundnar aðstæður. Henni er ætlað að lýsa meginmarkmiðum og fyrirkomulagi skólastarfs í skólanum og vera upplýsandi fyrir alla þá er að starfinu koma eða tengjast því á einhvern hátt. Skólanámskráin byggir auk þess á skólastefnu Garðabæjar, starfsmanna, fjölskyldu og umhverfisstefnu bæjarins ásamt jafnréttisáætlun fyrir Garðabæ. Skólanámskrá er vistuð á heimasíðu skólans. Einnig er hægt að nálgast eintak af skólanámskránni á bókasafni skólans.

## Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi Flataskóla. Megintilgangur námsmatsins er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Markmið skólastarfsins er margvíslegt og matsaðferðirnar í Flataskóla endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Flataskóli er með leiðsagnamat í hverri námsgrein sem gengur út á að nemendum er með endurgjöf stöðugt leiðbeint áfram með nám sitt. Hverjum nemanda fylgir svokölluð námsmatsmappa þar sem öllu námsmati er komið fyrir jafnóðum og það verður til. Tvisvar sinnum yfir árið fara fram nemenda- og foreldrasamtöl, annað í október og hitt í febrúar og fara nemendur heim með námsmatsmöppurnar fyrir samtölin til að sýna foreldrum. Í bæði skiptin er farið yfir það námsmat sem liggur fyrir með viðeigandi lausnum til framfara.

Markmið eru almennt metin á 5 stiga kvarða eftir því hvernig nemanda hefur tekist að ná settum markmiðum árgangsins í hverri grein fyrir sig (sjá mynd hér að neðan).

Frammistaða/kvarði	Umsögn
Framúrskarandi árangur (A)	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Mjög góður árangur (B+)	Mjög góð hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Góður árangur (B)	Góð hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.

Nokkuð góður árangur (C)	Nokkuð góð hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Markmiðum ekki náð (D)	Hæfni og frammistöðu í greininni ábótavant með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.



## Lestur og bókmenntir

### Markmið

Að nemendur:

- lesi 100 orð á mínútu. Lágmarksviðmið er 55 orð á mínútu og metnaðarfull viðmið er 120 orð á mínútu
- beiti aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- lesi sér til gagns og gamans
- noti góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- þekki bókmenntahugtökin sögupersóna, sögupráður, atburðarás, umhverfi og boðskapur
- geti aflað sér upplýsinga úr bókum og á veraldarvefnum
- nýti sér góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- geti rýnt í texta og greint aðalatriði

### Leiðir að markmiðum

- Yndislestur a.m.k. 4\* í viku
- Heimalestur 5\* í viku
- Kennarar lesi fyrir nemendur ævintýri, sögur, ljóð og fræðandi efni
- Lestraráttak/lestrarsprettur í samvinnu við bókasafnskennara t.d. PALS
- Nemendur vinna með fjölbreyttan gerðir texta: Þeir hlusta á sögur, ljóð og leikrit. Unnið er með innihald í umræðum, riti og í gegnum sköpun og verkefnavinnu.

### Námsefni

Litla lesrún. Lesrún. Valin ljóð. Frjálislestrarbækur sem nemendur taka á bókasafninu. Ýmsar bækur og efni á Skólavefnum, skólavefurinn.is

### Námsmat

Lestrarpróf í september, janúar og í maí. Niðurstöður eru færðar inn í lesferil í Skólagátt. Orðarún, staðlað lesskilningspróf frá Menntamálastofnun er lagt fyrir í október og í apríl.

Námsmat í bókmenntum og ljóðum byggir á vinnubókum og könnunum.



Lestraraðferðin PALS er notuð síðari hluta vetrar og er þá nemendum raðað í þör á hvetjandi hátt.

## Málfræði

### Markmið

Að nemendur:

- Noti fjölbreyttan orðaforða
- Skilji fjölbreyttan texta og hafi góðan málskilning
- Þekki sérhljóða og samhljóða
- Þekki regluna um ng/nk og einfaldan og tvöfaldan samhljóða
- Viti hvenær rita skal stóran og lítinn staf í texta
- Þekki hugtökin orð og málsgrein
- Þekki samheiti og andheiti
- Þekki no., lo. og so.
- Sérnöfn og samnöfn
- Þekki kyn og tölu nafnorða
- Þekki regluna um –n og –nn ( minn og mín reglan)
- Geti raðað í stafrófsröð
- Geti notað algeng greinarmerki

### Leiðir að markmiðum

Notuð er bein kennsla og töflukennsla ásamt samræðuaðferð. Nemendur vinna í námsbókum bæði einstaklingslega og í hópavinnu.

### Námsefni

Ritrún 2 og Ritún 3. Ýmis verkefni af skólavefnum. Gagnvirkir leikir/spil.

### Námsmat

- Leiðsagnarmat
- Málfræðikannanir í lok hvernar annar (haust og vor)

## Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Lesi skýrt og áheyrilega ýmsa texta
- Geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi
- Geti endursagt frásagnir og sögur og tekið þátt í umræðum
- Geti sagt frá eigin upplifun af eftirminnilegum atburðum
- Nýtti sér efni á rafrænu formi

## Leiðir að markmiðum

Munnleg tjáning og framsögn er æfð reglulega í tengslum við hin ýmsu verkefni. Æfa hlustun frá mismunandi lesurum.

## Námsefni

Námsefni í íslensku, lífsleikni og samfélagsfræði notað í upplestur, hlustun og tjáningu.

## Námsmat

Leiðsagnarmat

## Ritun, skrift og stafsetning

Skrift

Markmið

Að nemendur:

- Haldi rétt á skriffærum
- Skrifi læsilega og fallega
- Dragi rétt til stafs
- Hafi jafnt bil á milli orða
- Noti skriftarkróa
- Láti stafi sitja á línu
- Skrifi eftir forskrift

- Skipti orði á milli lína

Stafsetning

Markmið:

Að nemendur:

- Nota stóran og lítinn staf rétt
- Beiti stafsetningarreglum sem kenndar hafa verið

Ritun

Markmið:

Að nemendur:

- Byggi upp sögu/frásögn með upphafi, meginmáli og lokaorðum
- Geti tjáð hugsun sína í rituðu máli
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- Geti ritað texta í tölvu á skipulagðan hátt
- Efli orðaforða og málskilning

Námsefni

Skrift 3 og 4, verkefni af skólavefnum, gagnvirk verkefni af veraldaravefnum.

Námsmat

- Aston Index stafsetningarpróf
- Stafsetningapróf í lok hverrar annar (haust og vor)

## Markmið

Að nemendur:

- Þekki negatífar tölur
- Kunni skil á einingum, tugum og hundruðum (talnahús)
- Kunni að nota talnalínu og merkja inn á, hvaða tala kemur á undan og á eftir
- Geti námundað
- Kunni að finna óþekktu töluna  $153 + \underline{\quad} = 200$
- Geti lagt saman með stórum tölum
- Kunni að vinna með peninga
- Þekki almenn brot og mynstur
- Þekki jafnstór brot
- Þekki teljara og nefnara
- Kunna að leggja saman og draga frá
- Kunna að setja upp og reikna dæmi þar sem þarf að geyma og taka til láns
- Kunni að nota vasareikni
- Geti reiknað í huganum
- Noti ólíkar leiðir við lausn verkefna
- Margfaldi/margföldunartaflan 1 – 10 sinnum taflan
- Kunni að deila
- Þekki hugtökin á helstu formum, s.s. ferning, hring, þríhyrning, ferhyrning, trapisa, samsíðungur, keila og rétthyrningur
- Kunni að mæla hluti með reglustiku. Sentimetrar (cm)
- Þekki flatarmál
- Þekki ummál
- Geti flokkað horn (rétt, gleið og hvöss)
- Þekki hnitakerfi
- Þekki snúning
- Læri á klukku, bæði skífuúr og tölvuúr
- Þekki klukkustundir, mínútur og sekúndur
- Þekki hve langur tími líður/tímamun á milli landa/heimsálfa
- Kunni að reikna í klukkustundum og mínútum
- Læra að gera súlurit og lesa úr því í umræðum og sjálfstætt
- Telja, flokka og skrá hluti úr umhverfinu og lesa úr niðurstöðum

## Námsefni

Sproti 3a og 3b nemenda- og vinnubækur, hlutbundin vinna, stöðvavinna, gagnvirkar æfingar í I-pad/tölvu. Verkefni af skólavefnum og öðrum heimasíðum.

### Leiðir að markmiðum

Unnið er bæði skrifleg og verkleg verkefni sem stuðla að því að nemendur nái þeim markmiðum sem stefnt er að. Nemendur eru hvattir til að nýta sér ýmis stærðfræðigögn við lausn stærðfræðiverkefna. Nemendur vinna bæði einstaklingslega, í pörum og í hópum.

### Námsmat

Eftir hvern námsþátt taka nemendur könnun og fá endurgjöf á hana. Í janúar er lögð fyrir könnun úr námsefni haustannar. Í maí eru lögð fyrir könnun úr námsefni vorannar. Kennarar meta stöðu nemenda jafn óðum og grípa inn í ef þörf þykir.

Margföldun er mikill hluti af námsefni 3. bekkjar og er þekkingin könnuð reglulega.

## Samfélagsfræði / Náttúrufræði

---

### Markmið

Hafið

Að nemendur:

- læri að Ísland er eyja, strandlengja og fjara
- átti sig á samspili manns og náttúru
- þekki mun á flóði og fjöru
- kynnist sjávarútveginum og afurðum hafsins
- kynnist nokkrum tegundum fiska, hvala og öðrum sjávarlífverum
- kannist við stærstu höfin og átti sig á straumum sjávar

### Námsefni

Bókin Komdu og skoðaðu hafið lesin og rædd

Gagnvirkir vefir: komdu og skoðaðu hafið

Landakort skoðað (Íslandskort /heimskort)

Einstaklingsverkefni unnin

Hópverkefni – nemendum skipt í hópa og fræðast um sjávarlífverur, fiska og hvali.

Vettvangsferðir – fjaran

### Markmið

#### Himingeimurinn

Að nemendur:

- þekki reikistjörnurnar með nafni og röð þeirra frá sólu
- viti að jörðin er samsett úr jarðskorpu, möttli og kjarna
- viti að reikistjörnurnar eru misstórar
- viti að jörðin snýst í kringum sólina
- átti sig á að tunglið vex og minnkar í hverjum mánuð

### Námsefni

Bókin Komdu og skoðaðu himingeiminn lesin og rædd

Gagnvirkir vefir: komdu og skoðaðu himingeiminn

Stjörnufræðivefurinn

Google Earth skoðað

Einstaklingsverkefni unnin

Hópverkefni

Stjörnuverið

Markmið

Eyjaverkefni

Reynsluheimur

Að nemendur geti:

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsleg málefni í námsgögnum og miðlum
- rætt um samfélagið og hugtök í því samhengi
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa
- sagt frá dæmum um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir
- bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna
- bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins

Hugarheimur

Að nemendur geti:

- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna

Félagsheimur:

Að nemendur geti:

- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi og greint ólíkar skoðanir ásamt því að sýna tillitsemi og virðingu
- rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra
- áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum

### Eyjaverkefnið

Umræður við/milli nemenda leiða verkefnið áfram og þannig ákveðum við næstu skref. Það sem haft er í huga í umræðunum er:

- hvernig myndast eyjan
- hvar er hún, hvað er á eyjunni (skógar, vötn, fjöll, o.s.frv.)
- hvernig fjölskyldu tilheyrum við (sem flytur með okkur á eyjuna)
- hvað þurfum við að hafa með okkur á eyjuna (fatnaður, matur, húsdýr o.s.frv.)
- hvernig komumst við á eyjuna
- í hvernig húsum búum við
- hvað ætlum við að starfa við
- eru skólar á eyjunni leik-, grunn-, framhalds- og háskóli
- hvernig er þjóðfáni eyjunnar
- erum við með þjóðsöng
- er íþróttafélag o.fl.

Verkefnum sem nemendur vinna er safnað saman í bók sem verður afrakstur verkefnisins. Einnig vinna nemendur í sameiningu stórt líkan af eyjunni sem sett er upp á vegg.

### Námsefni

- Nýtt land – ný þjóð eftir Herdísi Egilsdóttur, kisuandið
- 

### Húsdýrin

Að nemendur:

- þekki helstu húsdýrin, einkenni þeirra og lífshætti
- öðlist aukna virðingu fyrir dýrum með aukinni þekkingu á þeim og tengslum við þau
- geti greint frá því að dýrum er gjarnan skipt upp í hópa eftir einkennum
- viti hvað einkennir húsdýr og hvernig þau fluttust til landsins
- þekki afurðir og nýtingu húsdýra



## Námsefni

- Húsdýrin
- Námsbókin Hani, krummi, hundur, svín. Lesin og rædd
- Sveitaferð að vori
- Ýmislegt efni af veraldarvefnum og bókasafni

## Leiðir að markmiðum

Við leggjum áherslu á fjölbreyttar kennsluaðferðir jafnt úti sem inni. Leitast við að nemendur séu sjálfstæðir og virkir í vinnubrögðum og upplýsingaöflun. Verkefnið miðast við samþættingu margra námsgreina. Afurðirnar eru margs konar og byggjast að einhverju leyti á áhugasviði og hugmyndavinnu nemenda. Mikil áhersla lögð á samvinnunám og umburðarlyndi nemenda gagnvart hvort öðru.

Námsmarkmið verkefnanna eru sýnileg nemendum svo þeir geti verið sjálfstæðir í þekkingarleit og átti sig á til hvers er ætlast af þeim.

## Námsmat

Virgni nemenda metin jafnt og þétt af kennurum. Nemendur vinna sjálfsmat eftir hvert þema og jafningjamat þegar um hópavinnu er að ræða. Leiðsagnarmat þegar það á við.

---

## Réttindasmiðja / lífsleikni

---

Réttindasmiðjan býður upp á kjörnar aðstæður til að takast á við verkefni sem snúast með beinum hætti um grunnþættina sex: lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, læsi, heilbrigði og velferð og sköpun.

Áhersla verður lögð á jafnrétti, við erum öll jafn mikilvæg sem á þessari plánetu búum. Í því samhengi veltum við því líka fyrir okkur að við erum allskonar og jafn mismunandi og við erum mörg. Farið verður yfir öll helstu réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindi sett í samhengi við skyldur og ábyrgð. Mörg þessara réttinda tengjast heilbrigði og velferð með beinum hætti. Þá förum við yfir það hvernig mörg réttindi okkar takmarkast við réttindi annarra og að taka þurfi tillit til náungans. Þannig bætum við læsi á samskipti manna og samfélagið í heild.

Einnig er lögð áhersla á að börn hafa rétt á því að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þannig hafi þau mátt til að hafa áhrif. Við setjum þetta m.a. í samhengi við lýðræði og hvernig við getum með smáum aðgerðum haft áhrif. Ábyrgð foreldra og umönnunaraðila er skýrð og sett í samhengi við hvers vegna börn þurfa að hlusta á þau og hlýða þar sem þessir aðilar eiga ávallt að hugsa um hvað sé barninu fyrir bestu og vita það oft betur en barnið.

Varðandi sjálfbærni þá eru mannréttindi ein af grunnstoðum sjálfbærni – en þá fara saman, mannréttindi, umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Hvernig allt þetta þarf að rúmast saman á einni plánetu því við höfum bara eina. Við veltum því fyrir okkur hvort að það ættu að vera til 'réttindi jarðarinnar' og hvernig við tökum tillit til hvors annars og allra í heiminum með því að fara vel með plánetuna okkar.

Í smiðjunni er lögð áhersla á að allir fái tækifæri til að tjá sig og að skoðanir annarra séu virtar. Hvatt er til gagnrýnninnar og skapandi hugsunar. Lögð er áhersla á að allar hugmyndir og vangaveltur eigi rétt á sér, bæði í umræðum og verkefnum.

### Markmið

#### Réttindasmiðja

#### Að nemendur:

- geri sér grein fyrir því að við erum öll jafn mikilvæg þó við séum ólík og átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum

- verði færari í að setja sig í spor annarra jafnaldra
- skilji hvers vegna bera skuli virðingu fyrir ólíkum skoðunum, siðum og venjum
- átti sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna
- skilji helstu réttindi sín og skyldur samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- skilji muninn á grundvallar mannréttindum og forréttindum
- átti sig á því að þeir eru hluti af stærra samfélagi og að þeir geti haft áhrif
- geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti. Sett í samhengi við réttindi barnsins
- geri sér grein fyrir mikilvægi menntunar
- geri sér grein fyrir því að orð og athafnir hafa afleiðingar
- skilji hvers vegna það er mikilvægt að ganga vel um náttúru og umhverfi
- geti tekið þátt í samræðu og samstarfi í jafningjahópi með því að hlusta og bera virðingu fyrir skoðunum annarra auk þess að geta tjáð eigin skoðanir og þekkingu
- skilji mikilvægi þess að sýna tillitssemi og virðingu í samskiptum

## Lífsleikni

Að nemendur:

- geti unnið með öðrum og komist að málamiðlunum í leik og starfi þar sem tekið er tillit til þarfa allra í hópnum
- þjálfist í að læra að þekkja sín eigin tilfinningamörk
- þjálfist í að virða mörk sín og annarra
- verði hæfir að taka ábyrgð á eigin gjörðum og orðum
- þekki vel reglur og áherslur síns skóla
- æfist í að ræða um þarfir sínar og tilfinningar
- þjálfist í að leysa ágreining sjálfstætt á jákvæðan hátt
- læri mikilvægi þess að þjálfra sjálfstjórn og sjálfsaga

## Námsefni

*Litli-Kompás, handbók um mannréttindamenntun fyrir börn, „Rúnar góði“ barnabók, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, vinnumappa, verkefnablöð, vinnu- og teikniblöð, blýantar og litir. Einnig lítum við í valdar barnabækur með boðskap sem tengjast markmiðum smiðjunnar.*

SAFT fræðsla, Afmælisveislan, öruggar leiðir um netheiminn.

Hjúkrunarfræðingur sér um fræðslu um hollustu og hreyfingu

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fræðir nemendur um brunavarnir og heimsækja 3.bekkinga.

Námsráðgjafi í samstarfi við umsjónarkennara sýna fræðslumyndina Leyndarmálið, um kynferðislegt ofbeldi.

## Leiðir að markmiðum

Útlistunarkennsla; kennari leggur inn efni og útskýrir, fræðir og vekur til umhugsunar.

Umræðu- og spurnaraðferðir; notaðar verða hópumræður, umræður í pörum og minni hópum. Með þessu þjálfast nemendur í að tjá sig, rökræða og taka tillit til annarra.

Myndræn tjáning, börn tjá hugmyndir sínar með teikningum. Skrifleg tjáning, ritun. Hvatt er til skapandi hugsunar og tjáningar.

Hópvinnubrögð; nemendur vinna hópverkefni með það að markmiði að ráða ráðum sínum og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

## Námsmat

Mat á umræðum og samræðum nemenda: Þetta byggir á virkni í tímum en kennari leggur áherslu á að allir nemendur séu virkir í umræðum og tryggir að allir fái tækifæri til að tjá sig. Kennari leggur sífellt mat á virkni og skilning og skráir hjá sér.

Mat á verkefnum og vinnumöppunni í heild.

Jafningjamat.

Í lok smiðjunnar tekur kennari örviðtal við hvern nemanda fyrir sig.

## Heimilisfræði

---

### Markmið

Að nemandi:

- kynnist því hvað flest í góðum matarvenjum og heilbrigða lífshætti
- farið eftir einföldum uppskrifum
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað mæliskeiðar og önnur einföld eldhúshöld
- geti unnið í samvinnu við aðra,
- geti gengið frá eftir sig undir leiðsögn kennara, farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif

### Námsefni

Heimilisfræði 3 og uppskriftir frá kennara.

### Leiðir að markmiðum

Verklegar æfingar sem þjálfva vinnubrögð og leikni. Nemendum er skipt í hópa, tveir til þrír vinna saman.

Hópvinnubrögð, sem eykur samkennd innan hópsins og þjálfar samvinnu og verkskiptingu.

Sýnikennsla þar sem unnið með allan hópinn og nemendur vinna verkefni eins og að baka, og ganga frá á vinnustöð.

Útlistunarkennsla – útskýringar og miðlun sem eflir skilning nemenda á viðfangsefni.

### Námsmat

Leiðsagnarmat þar sem kennari gefur hverjum nemanda munnlega umsögn og fer yfir frammistöðu hans í kennslustundinni. Lokamat í lok smiðjutímabils þar sem kennari merkir við þau markmið sem nemandi hefur náð og sjálfsmat þar sem nemandi metur hvernig hann hefur staðið sig í heimilisfræði.

## Smíði og hönnun

---

### Markmið

Að nemendur:

- Sýni ábyrga umgengni og fari eftir reglum og öryggisatriðum smíðastofunnar
- Þroski með sér þolinmæði til vandaðrar vinnu
- Geti valið og notað yfirborðsefni við hæfi verkefna sinna
- Geti gert einfalda skissu og tvívíða teikningu til þess að útskýra hugmyndir sínar
- Þjálfist í notkun tifsagar og handsögunnar
- Þjálfist í einfaldri samsetningu samsetningu hluta
- Þekki helstu verkfæri smíðastofunnar með nafni og þjálfist sig í notkun þeirra
- Geti gert grein fyrir því efni sem þeir fá í hendur og nýtt það vel
- Þjálfist í samvinnu og mikilvægi góðrar umgengni um verkfæri, áhöld, verkefni sín og annara
- Efli frumkvæði og skapandi starf

### Námsefni

- nota internetið
- sýna myndir af hönnun og handverki
- hafa aðgang að ýmsum tímaritum og bókum tengdum smíði, hönnun og handverki
- nýta sér vinnulýsingar og uppskriftir frá kennara
- fá aðgang að völdum efnum, áhöldum og verkfærum smíðastofunnar

### Leiðir að markmiðum

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann

er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefnin eru gjarnan kynnt nemendum með sögum og/eða myndum, tilbúnum hlutum og spjalli, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur.

Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er lögð á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

## Námsmat

Sjálfsmat með kennara.

# Textílmennt

---

## Markmið

Markmiðin í textíl taka viðmið af þekkingu, leikni og hæfni sem eru lykilhugtök aðalnámskrár grunnskóla.

## Þekking

Að nemendur:

- kynnist textílstofu og viti hvar verkfæri, efni og áhöld eru geymd
- þekki ýmis hugtök og heiti tengd greininni
- fræðist um bangsagerð
- kynnist saumavélinni

## Leikni

Að nemendur:

- þjálfist í að búa til vinnuteikningu
- geti notað textíl tússliti við að útfæra mynd á efni
- geti notað einfalda aðferð við að þrykkja á efni
- geti fyllt bangsa með tróði og klárað verkefnið sín
- öðlist færni í að títuprjóna
- þjálfist í að þræða nál og binda hnút
- öðlist færni í að sauma útsaumsspor
- öðlist grunnfærni á saumavél

## Hæfni

Að nemendur:

- upplifi sköpunargleði og virkji hugmyndaflugið
- beri ábyrgð á sínu námi og séu virkir í kennslustund
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og geti unnið eftir fyrirmælum kennara
- geti metið eigin verk og rökstutt matið
- beri ábyrgð á að ganga vel um vinnurými

## Námsefni



- nota internetið
- sýna myndir af hönnun og handverki
- hafa aðgang að ýmsum tímaritum og bókum tengdum textíl, hönnun og handverki
- nýta sér vinnulýsingar og uppskriftir frá kennara
- fá aðgang að völdum efnum, áhöldum og verkfærum smíðastofunnar

#### Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem eiga að miðast við getu hvers og eins.

Kennari velur verkefni og sýnir þeim aðferðir og rétt vinnubrögð.

Nemendur geta útfært verkefni eftir hugmyndaflugi sínu og smekk og gefur þá kennari ráðleggingar.

Ef tími gefst þá fá nemendur að vinna eitthvað frjálst í lok smíðjunnar.

Áhugasamir nemendur geta alltaf leitað til kennara ef þeir vilja aukaverkefni.

#### Lögð verður áhersla á fjölbreytta kennsluhætti:

- Sýnikennsla
- Sköpun
- Verklegar æfingar
- Útlistunarkennsla
- Jafningjakennsla
- Leikir
- Umræður

#### Námsmat

Námsmatið byggist á leiðsagnamati, lykilhæfnimati, sjálfsmati og lokamati.

# Myndmennt

---

## Markmið

Að nemendur:

- Þekki einfalda myndbyggingu eins og bakgrunn, miðgrunn og forgrunn
- Þekki grunnformin og nálægð og fjarlægð.
- Geri sér grein fyrir mismunandi áhrifum lita og vinni með frumliti og litatóna, heita og kalda liti.
- Skoði mismunandi mynddæmi listamanna sem sýna ólíkar útfærslur viðfangsefna

## Námsefni

Veraldarvefurinn

**Efni:** pappír, blýantur, klessulitir, trélitir, pappírsrifrildi, málning o.fl.

## Leiðir að markmiðum

Nemendur nota fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við eigin myndsköpun. Sýnikennsla er mest notuð við kennslu á aðferðum og verkfærum.

## Verkefni:

Heitir og kaldir litir: nemendur kynnast heitum og köldum litum og nýta sér það í myndsköpun.

Dýrateikningar: nemendur kynnist línun og formi, mynsturgerð og málun.

Myndbygging-landslag: Nemendur skoða hugtök úr myndbyggingu, bakgrunn, miðrými og forgrunn. Skapa landslag eftir þeim reglum.

## Námsmat

Munnlegt leiðsagnamat, sjálfsmat, lykilhæfnismat og lokamat.

# Tölvur og upplýsingamennt

---

Markmið

Að nemendur:

- geta skráð sig sjálf í tölvurnar með notendanafni og lykilorði
- sitja rétt og halda rétt um músina
- læri að opna forrit
- kynnist teikniáhöldum
- skrifi einfaldan texta í ritvinnslu
- læri að breyta stærð og leturgerð
- geti unnið með/sett inn hljóð
- geti unnið með/sett inn hreyfingu
- þjálfast í að vista og sækja skjöl
- þjálfast í fingrafimi

Námsefni

Kennsluforrit fyrir nemendur á yngsta stigi, Word , Power Point, fingrafimi,

Ýmsar heimasíður t.d. skolavefurinn, flataskoli.is/kraekjur

Leiðir að markmiðum

Unnið er einstaklingslega og tveir og tveir eftir námsefninu hverju sinni.

Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat

# Íþróttir

---

Markmið

Að nemendur:

- fari eftir umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa og beri virðingu fyrir starfsmönnum íþróttahússins
- fari eftir fyrirmælum kennara
- framfylgi reglum í helstu leikjum
- vinni með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum
- sýni áhuga og taki virkan þátt í kennslustund
- sýni kurteisi og vinni vel með samnemendum sínum
- meðhöndli áhöld á réttan hátt og gangi frá þeim á öruggan hátt
- taka þátt í útivist og gera sér grein fyrir skólaumhverfi
- þjálfist í boltafærni og taki þátt í mismunandi boltaleikjum

Námsefni

Ýmis áhöld og aðstaða í Ásgarði, sundlaug og íþróttasalur.

Í útiþróttum er notast við útisvæði og velli milli Flataskóla og Ásgarðs.

Leiðir að markmiðum

Unnið er eftir skipulaginu;

1. upphitun
2. aðalþáttur
3. niðurlag

Markmiðið er að læra í gegnum leik.

Námsmat

Leiðsagnarmat í lok janúar. Lokamat lagt fram um vorið.

Eftirfarandi þættir metnir; virkni, hegðun, áhugi, samvinna, og æfingar með og án bolta.

## Sund

---

### Markmið

Að nemendur:

- syndi 12 m bringusund
- syndi 10 m skriðsundsfætur
- syndi 12,5 m baksund m/án hjálpartækja
- syndi 12,5 m bakskriðsunds m/án hjálpartækja
- geti kafað eftir hlut 1 m djúpt
- fylgi fyrirmælum kennara
- fylgi umgengisreglum sundlaugar: þvo sér með sápu án sundfata, ganga frá fötum snyrtilega í körfur
- beri virðingu fyrir starfsfólki sundlaugarinnar
- leggi sig fram í tímum

### Námsefni

Sundlaugin í Ásgarði auk ýmissa áhalda, t.d. korkar, hringir, froskalappir og kútar.

### Leiðir að markmiðum

Unnið er eftir skipulaginu;

1. upphitun
2. aðalþáttur
3. niðurlag

### Námsmat

Leiðsagnarmat og sjálfsmat í lok janúar.

Lokamat lagt fram um vorið.

Námsmatið er metið út frá markmiðunum.